

# Fundargerð

## samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

### 13. janúar 2020

Árið 2020, 13. janúar kl. 15:15 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, í Reykjavík.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í Reykjavík og Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, og Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn undir fyrsta lið: Sverrir Jónsson, skrifstofustjóri hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar SNS, og Harpa Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar.

Þetta var tekið fyrir:

#### **Dagskrá:**

#### **1. Formenn samninganefnda**

Sverrir, Inga Rún og Harpa, formenn samninganefnda, mættu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir stöðu viðræðna. Jónsmessunefnd áréttar mikilvægi þess að viðræðurnar hafi markvissan framgang.

#### **2. Fundargerðir undirnefnda**

Lögð var fram til kynningar samantekt af fundargerðum Kjaramálaráðs frá fundum á árinu 2019. Haldnir voru samtals 5 fundir á árinu þar sátu formenn samninganefnda hjá ríkinu, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga á öllum fundum. Kjaramálaráð fylgdist náið með þróun og stöðu mála á vinnumarkaði og fjöldi mála voru tekin til umfjöllunar á fundum ráðsins.

#### **3. Erindisbréf Grábókarnefndar – undirritun**

Erindisbréf sem samþykkt var á fundi Jónsmessunefndar þann 19. desember 2019 var undirritað.

#### **4. Staða á framkvæmd þingsályktunartillögunnar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga**

Óbreytt staða frá síðasta fundi enda hefur þing ekki komið saman síðan. Undirbúningur er hafinn að framkvæmd ýmissa aðgerða áætlunarinnar með fyrirvara um samþykki Alþingis.

5. **Undirbúningur að gerð samkomulags á grundvelli LOF**
- a. **Umræður um fjárhagslegar áherslur FJR og sambandsins**  
Frestað.
  
  - b. **Verkefnaáætlun samráðsnefndar um opinber fjármál**  
Verkefnaáætlun lögð fyrir fundinn.
  
  - c. **Áherslur Jónsmessunefndar um sameiginleg verkefni**
    - i. Drög að sameiginlegum verkefnum - listi verður lagður fyrir á fundinum  
Frestað.
6. **Önnur mál.**  
Næsta fundi nefndarinnar sem áætlaður var 12. febrúar er frestað til 17. febrúar.
- Fundi var slitið kl. 16:35.

-JS-